Nr. 5.
6.
marz.

Lög

um

að landsstjórninni veitist heimild til að kaupa bændahlutann í Brjámslæk til handa Brjámslækjarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, **Vinda og Gauta,** hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa bændahlutann í prestsetrinu Brjámslæk í Barðastrandarprófastsdæmi, sem er þriðjungur eignarinnar, eða 10 hdr. að fornu mati, ásamt hjáleigunni Moshlíð, 6 hdr. að fornu mati, til handa Brjámslækjarprestakalli fyrir 2000 krónur.

2. gr.

Kaupverðið greiðist úr landssjóði. Frá sama tíma og kaupin eru gjörð falla niður 80 kr. af uppbót þeirri, er Brjámslækjarprestakalli er ákveðin í lögum nr. 3 frá 27. febr. 1880, 1. gr. tölul. 78.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 6. marz 1896.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Autoriseret Overſættelſe i Henhold til Lov 18de September 1891.

Nr. 5.
6te
Marts.

Lov

om

Bemyndigelſe for Regeringen til at købe den privat Ejendomsret undergivne Del af Jorden Brjamslækur til Brjamslækur Præſtekald i Bardaſtrands Provſti.

Vi Chriſtian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holſten, Stormarn, Ditmarſken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke ſtadfæſtet følgende Lov:

§ 1.

Regeringen bemyndiges til at købe den privat Ejendomsret undergivne Del af Præſtegaarden Brjamslækur i Bardaſtrands Provſti, ſom er 1/3 af Ejendommen eller 10 Hundreder efter den ældre Dyrhed, tilligemed Afbyggerſtedet Moshlíð, der er 6 Hundreder efter den ældre Dyrhed, til Præſtekaldet Brjamslækur for 2000 Kroner.

§ 2.

Købeſummen udredes af Landskaſſen. Fra den Tid Købet er afſluttet, bortfalder 80 Kr. af det Brjamslækur Præſtekald ifølge Lov Nr. 3 af 27de Februar 1880, § 1 Nr. 78, tilkommende Tilſkud.

Hvorefter alle vedkommende ſig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 6te Marts 1896.

Miniſteriet for Island, den 6te Marts 1896.

J. Nellemann.

Ólafur Halldórsson.